
ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2024-2025



ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2024-2025

lögð fram á 47. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

þriðjudaginn 29. apríl 2025, Hannesarholti, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík.

1.	Félagið og verkaskipting.....	4
2.	Stjórnarfundir FÍLA.....	8
3.	Fulltrúaráðsfundur FÍLA	8
4.	Félagsfundir og viðburðir FÍLA	9
5.	Norrænir fundir.....	9
6.	IFLA Alþjóðlegt samstarf	10
7.	Aðrir viðburðir.....	10
8.	Félagsmenn og nýliðun	10
9.	Viðurkenning LBHÍ á B.Sc námi hjá IFLA Europe og hugleiðing um M.Sc.	10
10.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál.....	11
11.	Samráð, samstarf og samskipti	11
12.	Verðlaun og viðurkenningar.....	11
13.	Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.....	11
14.	Siðanefndarmál.....	11
15.	Framtíðarsýn og næstu verkefni	12
16.	Viðaukar:	13
I.	DAGSKRÁRNEFND FÍLA.....	14
II.	LAGANEFND FÍLA.....	21
III.	SAMKEPPNISNEFND FÍLA	21
IV.	MENNTANEFND FÍLA.....	21
V.	IFLA FULLTRÚI.....	23
VI.	FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ	27
VII.	ORÐANEFND FÍLA.....	32
VIII.	GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA	32
IX.	SIÐANEFND FÍLA.....	32

Stjórn FÍLA 2024-2025

Ómar Ingþórsson, formaður

Daníel Jakobsson, gjaldkeri

Guðrún Birna Sigmarðóttir, ritari

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

A. Skipan stjórnar

Stjórn 2024-2025:

Ómar Ingþórsson, formaður

Daníel Jakobsson, gjaldkeri

Guðrún Birna Sigmardóttir, ritari

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Sif Hjaltdal Pálsdóttir, meðstjórnandi

B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2024-2025

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

Dagskrárnefnd:

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Nefndinn var ekki fullskipuð starfsárið 2024-2025:

- Sif Hjaltdal Pálsdóttir, formaður
- Aðalheiður E. Kristjánsdóttir
- Svava Þorleifsdóttir

Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

- Björn Ingi Edvardsson
- Ólafur Melsted

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa starfsárið 2024-2025:

- Ingvar Ívarsson, formaður
- Gísli Gíslason
- Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

Menntanefnd:

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa starfsárið 2024-2025:

- Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður
- Ragnar Frank Kristjánsson,
- Hildur Dagbjört Arnardóttir

C. Nefndir um afmörkuð málefni.

Orðanefnd:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa starfsárið 2024-2025:

- Auður Sveinsdóttir
- Áslaug Traustadóttir
- Stefán Jónsson
- Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd:

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa starfsárið 2024-2025:

- Þórólfur Jónsson, formaður
- Erla Bryndís Kristjánsdóttir
- Guðmundur Rafn Sigurðsson
- Áslaug Traustadóttir

Skoðendur reikninga FÍLA:

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2024-2025:

- Finnur Kristinsson
- Þórólfur Jónsson

D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

HönnunarMars 2024

Engir viðburðir né vinnuhópar voru að hálfu FÍLA hvað varðar hönnunarMars, á starfsárinu 2024-2025. Rætt var innan stjórnar hvernig félagið gæti komið að HönnunarMars en á endanum var tekin ákvöðun að vera ekki með, þar sem ekki fundust meðlimir til þess að halda utan um verkefnastjórnun þetta árið. Vill fráfarandi stjórn brýna fyrir nýrri stjórn að skipa starfshóp sem fyrst sem myndi halda utan um og leiða vinnu við að setja upp viðburð í nafni FÍLA.

Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Rætt hefur verið um það um nokkurt skeið að uppfæra heimasíðu FÍLA og var tekin ákvörðun af stjórn að leita eftir samstarfi frá Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs. Átti ritari í samtali við Miðstöð hönnunar sem ætlar að verða félaginu innan handar í þessu ferli, og þá sérstaklega hvað varðar tengingar við önnur aðildarfélög og fréttaveitur. Rétt er að árétta að þetta verkefni er í farvegi, en heimasíðan hefur síðan þetta samtal hefur farið í gang þá hefur heimasíðan félagið hrunið og ekki komist að fullu leiti aftur í loftið. Brýnt er að ný stjórn haldi þessum breytingarferli áfram og skipti vinnuhóp sem klári þessa vegferð á nýju ári.

Garðsöguhópur

Hópurinn hefur nú unnið sér sess sem fastanefnd innan FÍLA og gaf á síðasta ári út skýrsluna *Garðar lifandi minjar*, sem er árangur nokkurra ára vinnu og byggir á viðamikilli heimildasöfnun um garða og varðveislu þeirra. Nefndin hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd. Fulltrúar garðsöguhópsins hafa beitt sér fyrir því að í lögum um menningarminjar verði sett ákvæði sem heimilar verndun og friðun lifandi minja s.s. trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs. Frumvarp þess efnis var tekið fyrir á yfirstandandi þingi og er nú í lokameðferð þingsins. Fulltrúar hópsins eru einnig í rýnihópi á vegum Minjastofnunar um framtíðar verkefni stofnunnar.

Fulltrúar starfsárið 2024-2025:

Auður Sveinsdóttir
Ásta Camilla Gylfadóttir

Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúi starfsárið 2024-2025:

Daniel Jakobsson

E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

Fulltrúi starfsárið 2024-2025:

Fríða Björg Eðvaldsdóttir

Fulltrúi FÍLA í Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu og er mikil gróska í starfseminni frá stofnun miðstöðvarinnar. Fulltrúi FÍLA sér um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina.

Fulltrúi starfsárið 2024-2025:

Inga Rut Gylfadóttir

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

Fulltrúi starfsárið 2024-2025 er Elízabet Guðný Tómasdóttir

Fagnefnd skráðgarðyrkjubrautar við LBHÍ

Fulltrúi starfaárið 2024-2025 er Gunnar Gunnarsson og Ólafur Melsted til vara.

Stjórn Myndstefs

Fulltrúi í myndstefi starfsárið 2024-2025 er formaður FÍLA.

Höfundaréttarráð

Fulltrúi FÍLA starfsárið 2024-2025 er Oddur Hermannsson

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu 2024-2025 fram að aðalfundi 2025. Fundirnir voru bæði staðfundir á vinnustöðum nefndarmanna og fjárfundir á Teams.

3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Haldinn var fulltrúaráðsfundur á haustmánuðum 2024, þar sem farið var yfir ýmis mál sem voru á herðum nefnda FÍLA og hvað stjórn FÍLA sá fyrir sér aðvinna að á starfsárinu.

Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi.

4. Félagsfundir og viðburðir FÍLA

Nokkrir fundir og viðburðir voru á vegum félagsins, fyrir utan þá viðburði sem félagi kom að með óbeinum hætti. Viðburðir sem félagið stóð að voru:

- *Viðburður 1 - 8. október 2024*

Vísindaferð í ræktunarstöðvanar í Fossvogi og Mörk.

- *Viðburður 2 - 30. október 2024*

Fulltrúarráðsfundur nefndarmanna FÍLA og kynning frá formanni SAMARK.

- *Viðburður 3 - 6. nóvember 2024*

Vísindaferð haustsins var heimsókn til Steypustöðvarinnar og samtal um gervigreind í landslagsarkitektavinnu.

- *Viðburður 4 - 27. nóvember 2024*

Jólafundur FÍLA

- *Viðburður 5 - 18. febrúar 2025*

Hádegisfurirlestur á netinu Hildur Dagbjört Arnardóttir landslagsarkitekt hélt erindi um félagslandbúnað

- *Viðburður 6 - 5. mars 2025*

Almennur félagsfundur um lagabreytingar.

5. Norrænir fundir

Haldinn var Norrænn fundur í Kristjansand í Noregi daganna 17. og 18. apríl 2024, sem formaður og IFLA fulltrúi sótti báðir. Samhliða fundinum var ráðstefna sem norska félagið stór fyrir. Næsti fundur verður í Stokkhólmi í lok ágúst 2025.

Helstu samstarfsverkefni norrænu félaganna eru eftirfarandi:

- Sameiginleg fagleg umræða um ýmis mál.
- Tilnefningar til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe verðlauna
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA

- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA

6. IFLA Alþjóðlegt samstarf

IFLA Europe

Fundur IFLA Europe árið 2024 var haldinn í Budapest í Ungverjalandi. Fríða Björg Eðvarðsdóttir IFLA fulltrúi sótti fundinn, sem og Guðrún Birna Sigmarsdóttir fyrir hönd stjórnar FÍLA.

Minnum á nýja heimasíðu IFLA Europe, og er slóðin www.iflaeurope.eu.

7. Aðrir viðburðir

Engir almennir opinberir viðburðir voru á vegum FÍLA, þó rétt sé að nefna að Alþingisgarðurinn var friðlýstur formlega mánudaginn 18. Nóvember 2024.

8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2024-2025 eru samtals 102.

Þrjár umsóknir bárust um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári, Hrönn Valdimarsdóttir, Elín Erla Káradóttir, Kolbrún Oddsdóttir. Einn félagsmaður féll frá, Reynir Vilhjálmsson.

9. Viðurkenning LBHÍ á B.Sc námi hjá IFLA Europe og hugleiðing um M.Sc.

Lítill samskipti hafa verið á milli stjórnar FÍLA og þeirra sem halda utan um B.Sc. námið í landslagsarkitektúr LBHÍ á Hvanneyri. Umsóknarferli LBHÍ sem leiddi til viðurkenningu á B.Sc. námi var samþykkt af menntanefnd IFLA Europe og fékkst staðfest að námið uppfylli kröfur félagsins til grunnnáms í landslagsarkitektúr, 3 ár og 180 ect einingar. Viðurkenningin féll úr gildi eftir 2 ár, 2020-2022, og var ekki endurnýjuð eftir því sem best er vitað. FÍLA mælti með viðurkenningunni til IFLA Europe og hafði í ferlinu lagt áherslu á að nafni brautarinnar yrði breytt í B.Sc nám í landslagsarkitektúr, sem var gert.

Hugmyndir um að taka upp alþjóðlegt nám á meistarastigi í landslagsarkitektúr, hefur eftir því sem vitað sé ekki farið lengra en í hugmyndirvinnu, enn sem komið er. Ennþá eru mjög skiptar skoðanir félagsmanna um hvort meistaranám ætti að heima á Hvanneyri, Listaháskólanum, eða á Íslandi yfir höfuð.

10. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Engar samkeppnir voru haldnar á vegum FÍLA starfsárið 2024-2025.

11. Samráð, samstarf og samskipti

- **Samvinna FÍLA og Mannvirkjastofnun**

Árið 2023 var fulltrúi á vegu FÍLA í endurskoðun á byggingarreglugerð sem þá var í gangi ásamt fulltrúum annarra fagfélaga og notendahópa. Eftir mikla vinnu var sú vinna lögð á ís, og ekkert hefur verið gert síðan vorið 2024 hvað þessu vinnu varðar.

- **Samvinna FÍLA og Hönnunarmiðstöð**

Fíla er með fulltrúa í hönnunartvíæringinum á arkitektúr sem nú er verið að opna sumarið 2025 í Feneyjum á Ítalíu, en fulltrúi FÍLA situr þar ásamt fulltrúum frá AÍ og ráðuneytum. FÍLA er líka með fulltrúa í menningarstefnu í mannvirkjagerð, sem er haldið utan um að hálfu Mennta- og menningarráðuneytinu í samstarfi við Hönnunarmiðstöð.

12. Verðlaun og viðurkenningar

Enginn landslagsarkitekt eða landslagsarkitektastofa hlaut verðlaun Hönnunarmiðstöðvar í ár.

Hins vegar fékk Landslags tilnefningu fyrir Þrístapa, sem staður ársins á hönnunarverðlaunum á vegum Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs.

13. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

Hönnunar miðstöð og arkitektúrs er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Inga Rut Gylfadóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Hönnunarmiðstöð er nú til húsa í Grósku, Bjargargötu 1, sem er í Vatnsmýrinni, frá 2020.

Stjórn FÍLA hefur leitað miðstöðvarinnar með samstarf hvað varðar heimasíðu og kynningarmál og er sú vinna í gangi.

14. Siðanefndarmál

Stjórn FÍLA vísaði engum málum til siðanefndar FÍLA starfsárið 2024-2025.

Stjórn FÍLA vill árétta til alla félagsmenn að mikilvægi þess að virða siðareglur félagsins, sem félagsmenn hafa gengið undir, sem og þá tilkynningarskyldu sem ríkir ef stigið er inn í verk annarra landslagsarkitekta.

Rétt er að minnast á fulltrúarráðsfundi í haust fengu félagsmenn FÍLA stutta kynningu frá Halldóri Eiríkssyni arkitekt sem situr í höfundarréttarnefnd SAMARK og AÍ. Sú nefnd hefur unnið drög að greinargerð um höfundarrétt arkitekta, og það vinnu má e.t.v. taka upp hvað varðar höfundarrétt landslagsarkitekta og þeirra verka.

15. Framtíðarsýn og næstu verkefni

- Halda áfram að styrkja félagið og auka virkni þess og sýnileika. Hluti af þeirri vinnu fráfarandi stjórn vann að var að fara í gegnum inntökuskilyrði fyrir nýja féлага og hvernig við getum opnað félagið í takt við breytingar hvað varðar menntun og tíðaranda.
- Heimasíða var verkefni sem var byrjað og er í gangi. Fylgja þarf því verkefni eftir með utanaðkomandi aðstoð og eldri þekkingu.

16. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Garðsöguhópur FÍLA
- IX. Siðanefnd

I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Sif Hjaltdal Pálsdóttir, formaður
- Aðalheiður Kristjánsdóttir
- Svava Þorleifsdóttir

(Sjá skýrslu menntanefndar)

Vísindaferð 9.október



- Fyrsti viðburður félagsins var vísindaferð í Ræktunarstöðina í Fossvogi og í Gróðrarstöðina Mörk. Þar tók á móti okkur Oddrún Sigurðardóttir garðyrkjufræðingur og Þórólfur Jónsson landslagsarkitekt. Fengu félagsmenn innsýn og fræðslu um ræktun plantna fyrir Reykjavíkurborg.



Því næst var ferðinni heitið í Gróðrarstöðina Mörk þar sem vel var tekið á móti okkur með fyrirlestrum og veitingum. Guðmundur Vernharðsson, garðyrkjufræðingur og eigandi Gróðrarstöðunnar Mörk hélt fyrirlestur um m.a. regnbeð, Hlynur Ómarsson garðyrkjufræðingur fjallaði um runna og helstu framleiðslu hjá þeim á Mörk og loks fjallaði líffræðingurinn og garðyrkjufræðingurinn Anna Rún Þorsteinsdóttir um þá fjölæringa sem Mörk er með til sölu.



Guðmundur Vernharðsson, Mummi



Anna Rún Þorsteinsdóttir



Hlynur Ómarsson

Fulltrúaráðsfundur 30.október

- Seinnipart miðvikudags hittust félagsmenn sem sitja í nefndim FÍLA á fundi sem haldinn var í Grósku. Fundurinn byrjaði á stuttri kynningu frá Halldóri Eiríkssyni arkitekt sem situr í höfundarréttarnefnd SAMARK og AÍ, en nefndin hefur unnið drög að greinargerð um höfundarrétt arkitekta.
- Á fulltrúaráðsfundinum var að þessu sinni öllum þeim félagsmönnum sem sitja í nefndum boðið, ekki einungis fulltrúum fastanefnda. Gagnlegur fundur og tilgangi hans náð með að samræma starfsemi, setja línur fyrir dagskráliði og stefnumál.

Vísindaferð 6.nóvember



- Seinni vísindaferð haustsins var heimsókn til Steypustöðvarinnar. Halldór Harri Kristjánsson sölustjóri tók á móti okkur en byrjað var í framleiðslueiningunni í Hafnarfirði þar sem Viktor Sigurjónsson lóðsaði okkur um svæðið. Að því loknu færðum við okkur upp á Malarhöfða en þar eru skrifstofur Steypustöðvarinnar. Þar var boðið upp á veitingar og fyrirlestra. Meðal annars ræddu Jónína Þóra Einarsdóttir, leiðtogi Sjálfbærni-, Gæða- og Öryggismála en Steypustöðin hlaut hvatningarverðlaun CreditInfo fyrir framúrskarandi árangur á sviði umhverfismála árið 2024. Wassim Mansour, Framkvæmdastjóri sölu- og gæðamála fræddi okkur um sement og steypu og loks tók til máls Björn Jóhannsson landslagsarkitekt sem var með kynningu á því hvernig við landslagsarkitektar getum nýtt okkur gervigreindina, ChatGPT og Midjourney.



Jólafundur 27.nóvember



- Að venju hélt FÍLA sinn jólafund sem að þessu sinni var haldinn í kjallara Vínbarsins Port 9. Félagsmenn fengu smørrebrød frá veitingastaðnum Kastrup og til okkar kom rithöfundurinn
- Halldór Armand og las upp úr nýjustu skáldsögu sinni, Mikilvægt rusl, sem er bráðskemmtileg ástar- og spennusaga.

Góð mæting var eða um 25 manns, sem einnig hefur verið á fyrri viðburði haustsins.



Svo kom vorönnin, 2025



Hádegisfyrirlestur á netinu 18.febrúar

- Nýjung hjá FÍLA er hádegisfyrirlestur á netinu þar sem við munum fá félagsmenn okkar og utanaðkomandi til að halda stutt erindi gegnum internetið (að þessu sinni gegnum Teams).
- Hildur Dagbjört Arnardóttir landslagsarkitekt hélt erindi um félagslandbúnað sem hún hefur rekið síðustu 8 árin á Ísafirði. Rúmlega 30 félagsmenn hlýddu á fyrirlesturinn hennar og hrifðust með, voru margir hverjir spenntir í að fá félagslandbúnað í sinn heimabæ.



Skjásnot frá internet-fundinum

Almennur félagsfundur 5.mars



- FÍLA stendur í lagabreytingum og því var gripið til þess ráðs að halda opinn umræðufund fyrir félagsmenn þar sem tekinn var upp þráðurinn frá síðasta umræðufundi sem haldinn var þarsíðasta haust.
- Helsta breytingin varðar það hvor félagið ætti að breyta kröfum um inngöngu í FÍLA, kröfum sem eru bundnar í lög félagsins í dag. Umræður eins og; Hleypum við borgarhönnuðum inn í félagið? Munu aðrir en þeir sem hafa grunnnám í landslagsarkitektúr en ekki meistaraþróf í greininni fá að vera félagsmenn í félaginu, ólíkt lögum þess í dag? Hvað eru systurfélög okkar að gera hvað þetta varðar á Norðurlöndunum?
- Gagnlegur fundur og vinna við lagabreytingar ásamt reglum fór af stað í framhaldinu hjá stjórn og laganefnd.

Dagskránefnd skipa:

Aðalheiður Kristjánsdóttir, Svava Þorleifsdóttir og Sif Hjaltdal Pálsdóttir, formaður

II. LAGANEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Ingvar Ívarsson, formaður
- Gísli Gíslason
- Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

(Sjá skýrslu menntanefndar)

Laganefnd FÍLA Skýrsla fyrir starfsárið 2024-2025 vegna aðalfundar 29. apríl 2025

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Starfsárið 2024-2025 skipuðu nefndina Ingvar Ívarsson formaður, Gísli Gíslason og Sigurbjörg Áskelsdóttir.

Í febrúar 2025 barst nefndinni erindi frá stjórn FÍLA um að funda og fara í kjölfarið yfir tillögu að lagabreytingum FÍLA sem snúa að því að opna félagið fyrir fleirum, m.a. borgarhönnuðum og einnig þeim sem lokið hafa BS gráðu í landslagsarkitektúr. Tillagan var kynnt á félagsfundi FÍLA 5. mars og málið síðan unnið áfram eftir umræður fundarins. Tillaga að lagabreytingunum verður tekin fyrir á aðalfundi FÍLA 29. apríl 2025.

Akureyri, 14. apríl 2025, fyrir hönd
laganefndar Ingvar Ívarsson, formaður
laganefndar FÍLA

III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Ólafur Melsted (formaður),
- Björn Ingi Edvardsson

Starf samkeppnisnefndar var mjög rólegt og komu engin verkefni á borð nefndarinnar starfsárið 2024-2025.

IV. MENNTANEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður
- Hildur Dagbjört Arnardóttir,
- Ragnar Frank Kristjánsson,

(Sjá skýrslu menntanefndar)

Skýrsla menntanefndar FÍLA starfsárið 2024-2025

Í menntanefnd FÍLA 2024-2025 sátu Svanhildur Gunnlaugsdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson og Hildur Dagbjört Arnardóttir. Svanhildur var formaður nefndarinnar og sat þar með einnig í stjórn FÍLA.

Hlutverk menntanefndar er m.a. að leiðbeina stjórn við inntöku nýrra félaga í FÍLA og veita umsögn þeirra sem sækja um löggildingu starfsheitis hjá Atvinnuvegaráðuneytinu. Hlutverk nefndarinnar er einnig að halda tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta og menntastofnanir fyrir tengd fög.

Menntanefnd hefur á tímabilinu fengið til umsagnar þrjár umsóknir um löggildingu starfsheitis landslagsarkitekta og þrjár umsóknir um inngöngu í félagið. Allar umsóknirnar voru samþykktar.

Við yfirferð umsókna um löggildingu styðst nefndin við lista IFLA Europe yfir þær menntastofnanir sem fengið hafa viðurkenningu (Recognition of Landscape Architecture programmes). Á undanförunum árum hefur menntastofnunum sem eru á listanum fækkað og gildir það einnig um þær menntastofnanir sem íslenskir nemendur hafa gjarnan sótt s.s. KU í Danmörku (áður KVL) og fl. Ástæðan er ekki endilega sú að viðkomandi menntastofnun uppfylli ekki skilyrði menntanefndar IFLA Europe um viðurkenningu, heldur eru oft aðrar ástæður, eins og þær að farist hefur fyrir að sækja um endurnýjun á viðurkenningunni, ekki er lögð áherslu á að fá viðurkenninguna eða að samstarf við menntanefnd IFLA Europe er ábótavant. Fyrir okkur hér á Íslandi, sem ekki höfum tök á að ljúka námi hérlandis, þá skiptir þetta meira máli en fyrir önnur lönd sem bjóða upp á mastersnám í landslagsarkitektúr. Okkar nemendur frá LBHÍ þurfa að ljúka námi annars staðar frá og þó flestir fari og ljúki námi á Norðurlöndunum, þá sækja Bs nemar einnig framhaldsmenntun til annarra landa.

Þetta hefur leitt til þess að menntanefnd og stjórn þarf að styðjast við önnur viðmið við mat á umsóknum um aðild að félaginu og um löggildingu starfsheitis. Þar sem ekki er hægt að afskrifa menntastofnanir sem ekki eru á lista IFLA Europe, hefur menntanefnd og stjórn FÍLA stuðst við reglur aðildarfélaga landslagsarkitekta í hverju landi fyrir sig, þegar kemur að mati á menntastofnunum. Það þýðir að ef landslagsarkitekt með lokapróf frá menntastofnun frá ákveðnu landi uppfyllir skilyrði um félagsaðild landslagsarkitektafélagsins í því sama landi, þá er það notað

sem viðmið við mat á umsóknum í FÍLA. Önnur viðmið liggja einnig til grundvallar og er ávallt stuðst við þær kröfur sem menntanefnd IFLA Europe starfar eftir.

Í ljósi þessa væri ákjósanlegast að sem flestar menntastofnanir í Evrópu, sem útskrifa landslagsarkitekta, væru á lista IFLA Europe.

Í tengslum við tillögu að lagabreytingu FÍLA á aðalfundi 29. apríl 2025, hefur menntanefnd gert tillögu að reglum er varðar aðild að félaginu. Verði lagabreytingin samþykkt, verður það hlutverk menntanefndar að yfirfara umsóknir þeirra sem sækja um aðild að félaginu og ekki uppfylla skilyrði skv. lið a) 3. greinar. Menntanefnd skal fara yfir umsókn þeirra sem sækja um félagsaðild og skila álitinu til stjórnar FÍLA þar sem fram kemur hvort nefndin mæli með eða á móti því að umsækjandi fái inngöngu í félagið.

26. apríl 2025 / Svanhildur Gunnlaugsdóttir landslagsarkitekt FÍLA

V. IFLA FULLTRÚI

- Fríða Björg Eðvaldsdóttir

(Sjá skýrslu IFLA fulltrúa)

Skýrsla IFLA fulltrúa FÍLA starfsárið 2024-2025.

1. Norræni stjórnarfundur landslagsarkitekta var í Kristiansand Noregi og haldinn í tengslum við Fagdag Norsku landslagsarkitektanna 17. og 18. apríl 2024. Ársfundur stjórna landslagsarkitekta 2025 er fyrirhugaður í Stokkhólmi í lok ágúst.
2. General Assembly IFLA Europe var í Budapest Ungverjalandi 17.-20. október. Aðalfund IFLA Europe sóttu undirrituð sem IFLA fulltrúi og Guðrún Birna Sigmarsdóttir ritari FÍLA, þema fundar var Plane(t) Scape. Áhugaverð og vel skipulögð ráðstefna, skoðunarferð og GA fundur hjá félaginu í Ungverjalandi.



Auk venjulegra aðalfundastarfa var kynning á helstu verkefnum sem unnið er að í ýmsum vinnuhópum svo sem:

LA-HUB aðgangur að verkefnum, rannsóknarskýrslum og fagupplýsingum, blogggy og booklets.

- **Landslagssáttmálinn**- 44 lönd hafa samþykkt sáttmálann. Sáttmálinn er í uppnámi vegna þess að– ábyrgð og vistun óljós/óskýr Sáttmálinn er innan “menningarnefndar”. Óskað er eftir því að fagfélögin beiti þrýstingi og haldi vakandi.
- **NELA Network European Landscape Archives** Geymsla á skjölum, teikningum og skólasöfnum.
- **Educational Panel**- Mikilvægt að beita þrýstingi á skólana að sækja eftir staðfestingu. Búið að uppfæra listann. Halda viðmiðum og kröfum “standard fagmenntunar” Fylgja á eftir í fagfélögum.
- **EU Common Framework** Frjálst flæði vinnuafis- landslagsarkitekta Skráning á sérsviðirannsóknnum og verkefnum
- **Energy Landscape**- landslags stefnumörkun. Skil og “áframhald”
- **MedNet**- samstarf fagfélaganna í kringum Miðjarðarhafið Fyrirhuguð ráðstefna í Róm í byrjun maí.

Stjórn IFLA Europe vinnur að og ætlar að skila á árinu:

1. Position Papers – stöðuskýrsla í faginu og tenging við ný lög evrópusambandsins Restoration law
 2. Verkfærataska –fyrir lönd þ.s. fagheiti landslagsarkitekt er ekki viðurkennt
 3. Beginner manuel- leiðbeiningar fyrir unga landslagsarkiektá
 4. Democratic landscape transformation <https://en.participatorylab.org/ola>
- Næsti Aðalfundur GA verður í Brussel 18. -21. október 2025.

3. IFLA World var í Ístanbúl Tyrklandi 4.-6. september 2024. Hermann Georg sótti fundinn og var fulltrúi Íslands. Hermann er gjaldkeri og í stjórn IFLA World. Þema fundar og ráðstefnunnar í Ístanbúl var “Code Red”.

Í ályktun heimsþingsins segir að *“Landslagsarkitektar gera sér grein fyrir þeirri vá sem pláneta okkar stendur frammi fyrir og skorar á stjórnámálamenn, vísindamenn, sérfræðinga og almenning að breyta um stefnu og hefja aðgerðir til umsnúnings með hag jarðarinnar að leiðarljósi. “*



4. IFLA World fundur í ár verður í Nantes Frakklandi og haldið dagana 8-10. september og þema “Guiding Landscapes”.
5. Ráðstefna IFLA World er í beinu framhaldi dagana 10.-12. september. Verndari ráðstefnunnar er forseti Frakklands hr. Emmanuel Macron. Spannandi dagskrá þar sem lögð er áhersla á að landslagsarkitektar gegna lykilhlutverki í aðlögun borgarumhverfis að nýjum veruleika og áhrifa loftslagsbreytinga. Skipulag, tæknileg uppbygging, rekstur og stýring á borgarlandslaginu eru viðfangsefni ráðstefnunnar. Fókus ráðstefnunar verður á jarðveg og uppbyggingu jarðvegs, umfang og stærð svæða sem er móttaki ofanvatns.

IFLA World er ekki fyrirhugað innan Evrópu á næstu árum . Það tekur ca. 2,5 klst lestarfereð frá París til Nantes. Þátttökugjald á ráðstefnu ca. 80 þús. og aðbúnaður er á viðráðanlegu verði og er opið fyrir skráningu [Registration | IFLA World Congress 2025](#).

Annað: Rétt er að benda á að enn er möguleiki að senda inn verkefni sem verða til sýnis í Frakklandi í haust.

6. Heimasíða IFLA World <https://www.iflaworld.com/knowledge-hub> er m.a. að finna code of ethics [Knowledge Hub — International Federation of Landscape Architects](#)
7. Fundur stjórna landsslagsarkitektafélaganna á Norðurlöndum verður í Stokkhólmi í lok ágúst.

8. Og þess virði að fylgjast með dagatali IFLA World til að sjá hvað er á döfinni.
<https://www.iflaworld.com/what-ifla-does>
Heimasíða IFLA World <https://www.iflaworld.com/knowledge-hub> er m.a. að finna code of ethics
[Knowledge Hub — International Federation of Landscape Architects](#)
9. Lokadagur til tilnefningar í Rosa Barba International verðlaunin er 30. maí.

Reykjavík 25. apríl 2025
Fríða Björg Eðvarðsdóttir
IFLA FULLTRÚI FÍLA

VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

- Inga Rut Gylfadóttir

(Sjá skýrslu IFLA fulltrúa)

MÍÐSTÖÐ HÖNNUNAR OG ARKITEKTÚRS

Miðstöðinni var komið á fót að frumkvæði stjórnvalda árið 2008 til þess að efla íslenska hönnun og arkitektúr sem listgreinar og grundvöll þeirra til atvinnusköpunar. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs er beintengd grasrót og atvinnulífi hönnunargreina en að henni standa eftir sem áður níu fagfélög þarmeðtalið FÍLA. Miðstöðin er með alls um 1200 félaga sem eiga og reka hana með stuðningi stjórnvalda í gegnum menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Miðstöðin hefur það markmið að vera hreyfiafl sjálfbærrar verðmætasköpunar sem byggir á hönnun og arkitektúr, að stuðla að auknu samstarfi milli hönnuða og fyrirtækja og vinna að því að efla hönnunardrífna nýsköpun sem mótandi afl í samfélagi og atvinnulífi framtíðar á Íslandi.

STEFNA Í HÖNNUN OG ARKITEKTÚR

Stefna í málefnum hönnunar og arkitektúrs til 2030 heitir Útlínur framtíðar. Ráðuneyti menningar og viðskipta í samstarfi við Miðstöðina og aðra aðila hefur drifið áfram fjölbreyttar aðgerðir stefnunnar úr þingsályktun sem Alþingi samþykkt fyrir árin 2023–2026. Þar má nefna framtíðarsýn fyrir Hönnunarsjóð, þátttaka í Feneyjartvíæringi í arkitektúr, hækkun launasjóðs hönnuða og arkitekta og safnafræðsla í Hönnunarsafni Íslands. Einnig hefur verið unnið í skoðun og úttektum á hagrænum áhrifum; tækifærum innan sjóðakerfa nýsköpunar ofl.

HÖNNUNARMARS

HönnunarMars fór fram í sextánda sinn 24. - 28. apríl með um 100 fjölbreyttum og forvitnilegum sýningum og 200 viðburðum sem fóru fram víða um höfuðborgarsvæðið.

Hátíðin var mjög sýnileg og vakti mikla athygli og þátttaka mjög góð.

Yfirskrift HönnunarMars 2024 var „Þar sem kaos er norm og jafnvægi list“ enda eru skapandi lausnir, gleði og hugmyndauðgi í bland við gagnrýna nálgun það sem einkennir hátíðina. Á HönnunarMars voru eins og ávallt fjölbreyttar sýningar, viðburðir og þátttakendur draga fram í dagsljósið það sem efst er á baugi á sviði hönnunar og arkitektúrs og veita innsýn í nýjar lausnir og leiðir til að takast á við áskoranir samtímans. Hátíðin sameinar grásrót, lítil og stór fyrirtæki og stofnanir.

DesignTalks er alþjóðleg ráðstefna og lykilviðburður HönnunarMars sem fór enn og aftur fram fyrir fullu húsi í Norðurljósum í Hörpu, þann 24. apríl. Dagskrá dagsins var fjölbreytt þar sem sirkusandinn sveif yfir og fjallað var um tækifæri og áskoranir samtímans af framúrskarandi alþjóðlegum og íslenskum fyrirlesurum.

Listrænn stjórnandi DesignTalks 2024 var Hlín Helga Guðlaugsdóttir og framleiðandi Þura Stína Kristleifsdóttir. DesignTalks var streymt í beinni hjá hönnunar miðlinum Dezeen þar sem þúsundir fylgdust með.

OPINN KYNNINGARFUNDUR FYRIR FÉLAGSMENN

Kynningarfundur Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs fór fram í Grósku í september. Markmiðið var að gefa fagfólki, samstarfsaðilum og áhugasömum innsýn í nýjungar, helstu áherslur og verkefni Miðstöðvarinnar veturinn 2023-2024 svo sem Framtíðarsýn Hönnunarsjóðs, Hönnunarverðlaunin, HönnunarMars, DesignTalks, fyrirlestra og námskeið og nýjasta verkefnið sem er þátttaka Íslands í Feneyjartvíæringi í arkitektúr 2025.

Mjög fjölmennt var á fundinum en þar var sýnt myndband sem sýnir brot af þeim fjölbreyttu verkefnum sem unnið er að í Miðstöðinni í vetur - og gefa góð fyrirheit um spennandi ár framundan!

FENEYJARTVÍÆRINGURINN

Árið 2023 samþykkti alþingi aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs og hluti af henni var þátttaka Íslands í Feneyjartvíæringnum. Árið 2024 var í fyrsta sinn kallað eftir tillögu í opnu kalli (samkeppni) að sýningu Íslands fyrir tvíæringinn í arkitektúr í Feneyjum sem stendur yfir frá 10. maí til 23. nóvember 2025. Mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands fól Miðstöð hönnunar og arkitektúrs umsjón með framkvæmd verkefnisins.

Í febrúar 2024 var skipaður átta manna stýrihópur fagfólks og hagaðila sem samþykktur var af stjórn MH&A. Fh. FÍLA sat Daníel Jakobsson.

Framlag Íslands var valið af stýrihóp og var verkefni Arnhildar Pálmadóttur, Hraunmyndanir (e.Lavaforming) var valið framlag Íslands á Feneyjatvíæringnum í arkitektúr 2025. Arnhildur, ásamt teymi s.ap arkitekta og hópi sérfræðinga og þverfaglegra samstarfsaðila mun sýna Hraunmyndanir í Feneyjum 2025 fyrir Íslands hönd.

Í verkefninu Hraunmyndanir er sögð saga framtíðarsamfélags sem þróar framsæknar lausnir í mannvirkjagerð. Hraunrennsli er beislað, nýtt sem byggingarefni og tekst með því að umbreyta staðbundinni ógn í auðlind.

HÖNNUNARVERÐLAUN ÍSLANDS

Það var mikið um dýrðir í Grósku þann 7. nóvember þegar Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent. Dagurinn hófst á því að gestir hlýddu á kynningar og innsýn inn í þau níu framúrskarandi og fjölbreyttu verkefni sem tilnefnd voru til verðlaunanna. Flokkarnir eru STAÐUR, VARA, VERK og eru þrjú verkefni tilnefnd í hverjum flokki.

Kynningar og verðlaunaafhending fór fram í troðfullum sal Grósku og var mikil stemning.

Vert er að taka fram að verkið Þristapar, unnið af Landslagi ehf, Gagarín og lrmu var tilnefnt í flokknum staður.

Sigurvegarar voru:

Staður ársins: Smíðja, skrifstofubygging Alþingis eftir Studio Granda.

Vara ársins: Peysan James Cook sem hönnuð er af Helgu Lilju Magnúsdóttur fatahönnuði í samstarfi við Stephan Stephensen listamann.

Verk ársins: Var verkefnið Börnin að borðinu eftir Þykjó.

Besta fjárfesting í hönnun: Var valin Verslunardeðjan Krónan.

Heiðursverðlaunahafi ársins var svo Gísli B. Björnsson, grafískur hönnuður

HÖNNUNARSJÓÐUR ALLTAF AÐ STÆKKA

Vinna við úttekt, könnun og gerð framtíðarsýnar Hönnunarsjóðs var unnin á árinu og niðurstöður og áherslur þeirrar vinnu kynntar fyrir stjórnvöldum og á viðburðum m.a. „Samtal um verðmæti skapandi greina, nýsköpun og úthlutun Hönnunarsjóðs“ í október.

Hönnunarsjóður stækkaði upp í 80 milljónir 2023 sem skapaði tækifæri fyrir nauðsynlega hækkun styrkja til einstakra verkefna. Sjóðurinn úthlutaði alls 75,8 milljónum til 45 fjölbreyttra verkefna og veitti 25 ferðastyrki 150 þús hver.

KOSNINGAFUNDUR – FULLTRÚAR FRAMBOÐA TIL ALÞINGS

Vel sóttur og kraftmikill kosningafundur var haldinn í stóra salnum í Grósku um málefni skapandi greina og menningar, þann 6. nóvember. Fulltrúar allra framboða til alþingiskosninga tóku þátt. Líflegar umræður sköpuðust með þátttöku áhugasamra gesta.

Fjallað var um fundinn víða í fjölmiðlum enda fóru sumir fundarmenn á kostum. Í kjölfar hans hafa verið heilmiklar umræður í samfélaginu um stöðu og tækifærin sem felast í menningu og skapandi greinum og mikilvægi þess að ný ríkisstjórn tryggi stöðu þeirra í þágu samfélags og atvinnuþróunar.

Að fundinum stóðu Rannsóknarsetur í skapandi greinum, Samtök Skapandi greina, Miðstöð íslenskra bókmennta, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Myndlistamiðstöð, Kvikmyndamiðstöð, Sviðslistamiðstöð, Tónlistarmiðstöð í samstarfi við CCP, Brandenburg, Vísindagarða og Grósku.

ERLENT SAMSTARF

Þátttöka hönnuða, arkitekta, einstaklinga eða fyrirtækja í erlendu samstarfi og markaðssókn er í stöðugri sókn og á árinu 2024.

Fjölmennt og góðmennt var í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn þegar sýningarnar **Pítsastund**, sem var valið verk ársins á Hönnunarverðlaunum Íslands 2023, **Hæ/Hi**, samstarfsverkefni hönnuða og hönnunarteyma frá Íslandi og Seattle, **Snúningur** samstarfsverkefni Studió Fléttu og Icelandair frá HönnunarMars 2024 voru hluti af dönsku hönnunarhátíðinni **3daysofdesign** sem fór fram í júní. Einnig kynnti íslenska fyrirtækið **Fólk Reykjavík** nýjar vörur á hátíðinni, í eigin sýningarrými í miðborg Kaupmannahafnar.

Málþing um hlutverk hönnunar á tímum náttúruvár var haldið í september í Scandinavian House í New York þar sem spurningunni: **Getum við hannað samband okkar við náttúruna?** var velt upp. Málþingið var haldið í samstarfi við Bláa Lónið og Parsons School of Design og í tengslum við Taste of Iceland hátíðina þar sem Íslandsstofa heldur utan um.

Einar Þorsteinsson, borgarstjóri opnaði sýninguna **Hæ/Hi: Welcome** í Seattle sem fór fram í tengslum við Taste of Iceland hátíðina þar í borg í október. Reykjavík og Seattle eru systurborgir og því við hæfi að borgarstjóri opnaði sýninguna sem snýst um vináttu. Hæ/Hi: Welcome er þriðja sýning hópsins en hún var fyrst sýnd á HönnunarMars 2024.

Þetta er einungis brot af því sem var um að vera á árinu 2024 og við hvetjum alla til að kynna sér fjölbreytilegar fréttir á heimasíðunni.

Hönnunarmidstod.is

Einnig hvetjum við FÍLA félagar til að bjóða sig fram í fjölbreytt starf innan Miðstöðvarinnar: nefndir og stjórnir.

FÍLA félagar sem sátu í nefndum 2024
Ragnar Frank sat í útlutarnefnd hönnunarlauna.
Daníel Jakobsson sat í stýrihóp Feneyjartvíæringsins.

Inga Rut Gylfadóttir fh. FÍLA í ráðgjafahópi MHA

Starfsfólk Miðstöðvarinnar eru:

Halla Helgadóttir, framkvæmdarstjóri,
Helga Ólafsdóttir, stjórnandi Hönnunarmars,
Klara Rún Ragnarsdóttir, verkefnastjóri,
Gerður Jónsdóttir, verkefnastjóri Feneyjartvíæringsins.
Pura Stína Kristleifsdóttir, Framleiðandi DesignTalks
Hlín Helga Guðlaugsstjórnandi, listrænn stjórnandi DeignTalks
Elísa Jóhannsdóttir, framkvæmdarstjóri AÍ

Í stjórn Miðstöðvarinnar sitja:

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, innanhússarkitekt (formaður)
Þórunn Hannesdóttir, vöru- og iðnhönnuður (varaformaður)
Gísli Arnarson, grafískur hönnuður
Helga Valfells, fjárfestir
Arnar Halldórsson, sköpunarstjóri

Hluthafahópur/ ráðgjafahópur Miðstöðvarinnar

Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitekt FÍLA
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, innanhússarkitekt FHI
Þórunn Hannesdóttir, iðnhönnuður, FVI
Gísli Arnarson, grafískur hönnuður, FÍT
Erla Björk Baldurdóttir, fatahönnuður, FÍ
Helga Guðrún Vilmundardóttir, arkitekt AI
Þorbergur Halldórsson, gullsmiður, FÍG
Brynhildur Þórðardóttir, Textíll,
Guðný Rúnarsdóttir, leirlist, LÍ

VII. ORÐANEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Auður Sveinsdóttir
- Áslaug Traustadóttir
- Stefán Jónsson
- Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Orðanefndin hefur ekkert aðhafst á starfsárinu 2024-2025.

VIII. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA

Nefndina skipa:

- Auður Sveinsdóttir
- Ásta Camilla Gylfadóttir
- Þórhildur Þórhallsdóttir

Nefndin hefur ekkert aðhafst á starfsárinu 2024-2025.

IX. SIÐANEFND FÍLA

Nefndina skipa:

- Þórólfur Jónsson, formaður
- Erla Bryndís Kristjánsdóttir
- Guðmundur Rafn Sigurðsson
- Áslaug Traustadóttir

Ekkert mál kom á borð nefndarinnar starfsárið 2024-2025.